Útgáfa 1.0
01.05.2022

# VIÐBRAGÐSÁÆTLUN ALMANNAVARNA

# Viðbragðsáætlun vegna gróðurelda í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi eystra




Almannavarnanefnd í umdæmi
Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra
Ríkislögreglustjórinn

**Viðbragðsáætlun vegna gróðurelda í umdæmi Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra**

**Athugasemdir við áætlunina skal senda til almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra í netfangið almannavarnir@rls.is**

# EFNISYFIRLIT – KAFLASTKIPTI


**1 INNGANGUR ..... 5**

**2 STAÐHÆTTIR ..... 6**

2.1 ALMENNT ..... 6
2.2 GRÓÐURFAR ..... 6
2.3 VEGAKERFI ..... 6
2.4 SKILGREIND HÆTTUSVÆÐI ..... 6
2.5 SVÆÐI 1 - ÞVERÁRSKÓGUR Í ÖXARFIRÐI ..... 7
2.6 SVÆÐI 2 - LUNDUR Í ÖXARFIRÐI ..... 9
2.7 SVÆÐI 3 - ÁSBYRGI ..... 11
2.8 SVÆÐI 4 - AÐALDALSHRAUN ..... 13
2.9 SVÆÐI 5 – VOGAR MÝVATNSSVEIT ..... 15
2.10 SVÆÐI 6 – VAGLASKÓGUR / LUNDSSKÓGUR ..... 16
2.11 SVÆÐI 7 - KJARNASKÓGUR - HAMRAR ..... 18
2.12 SVÆÐI 8 - VAÐALHEIÐI ..... 20
2.13 SVÆÐI 9 - ÖNNUR SVÆÐI ..... 22

**3 SKILGREININGAR ..... 23**

3.1 VIRKJUN ..... 23
3.2 VIRKJUNARSTIG ..... 23
3.3 AFBOÐUN ..... 23

**4.0 BOÐUN ..... 25**

**5 STJÓRNKERFI ..... 30**

5.1 GRUNNEININGAR, HLUTVERK OG TENGINGAR STJÓRNKERFISINS ..... 30
5.2 AÐGERÐASTJÓRN ..... 31
5.3 VERKÞÁTTASKIPURIT FYRIR AÐGERÐASTJÓRN ..... 32
5.4 VETTVANGSSTJÓRN ..... 33
5.5 VERKÞÁTTASTJÓRAR ..... 34
5.6 VERKÞÁTTASKIPURIT FYRIR VETTVANGSSTJÓRN ..... 35
5.7 SAMHÆFINGARSTÖÐIN ..... 36
5.8 FJÖLMIÐLAR ..... 36
5.9 RANNSÓKN VETTVANGS ..... 37
5.10 LOFTBRÚ ..... 37

**6 STARFSSVÆÐI ..... 38**

6.1 MÓTTÖKUSTAÐUR BJARGA (MÓT) ..... 39
6.2 BIÐSVÆÐI Á VETTVANGI (BF, BH OG BTB) ..... 40
6.3 VATNSTÖKUSVÆÐI ..... 41
6.4 ELDVETTVANGUR (ELD) ..... 42
6.5 GÆSLUSTÖRF Á VETTVANGI ..... 43
6.6 FJÖLDAHJÁLPARSTÖÐ (FHS) ..... 44

**7 MÓTVÆGISAÐGERÐIR ..... 45**

7.1 MÓTVÆGISAÐGERÐIR - SVEITARFÉLÖG ..... 45
7.2 MÓTVÆGISAÐGERÐIR - SUMARHÚSAEIGENDUR ..... 45
7.3 MÓTVÆGISAÐGERÐIR - VEGIR ..... 45

**8 VERKEFNI VIÐBRAGÐSAÐILA ..... 46**

8.1 NEYÐARLÍNAN 112 ..... 47
8.2 ALMANNAVARNADEILD RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA ..... 48
8.3 SAMHÆFINGARSTÖÐIN ..... 49
8.4 AÐGERÐASTJÓRN ..... 50
8.5 VETTVANGSSTJÓRN ..... 51
8.6 LÖGREGLAN Á NORÐURLANDI EYSTRA ..... 52
8.7 SLÖKKVILIÐ Í UMDÆMINU - FJALLABYGGÐ, DALVÍK, AKUREYRI, GRENIVÍK, ÞINGEYJARSVEIT, NORÐURÞING, LANGANESBYGGÐ ..... 53
8.8 LANDHELGISGÆSLAN ..... 54

8.9 Rauði krossinn á Norðurlandi ..... 55
8.10 Svæðisstjórn á svæði 11 ..... 56
8.11 Svæðisstjórn á svæði 12 ..... 57

**9 SKIPULAG FJARSKIPTA ..... 58**

9.1 Grunnskipulag fjarskipta ..... 58

**10 KORTAKAFLI ..... 59**

10.1 Hættusvæði í Kelduhverfi og Öxarfirði ..... 59
10.2 Hættusvæði í Aðaldal ..... 60
10.3 Hættusvæði í Mývatnssveit ..... 61
10.4 Hættusvæði í Fnjóskadal ..... 62
10.5 Hættusvæði Eyjafirði ..... 63

**11 DREIFINGARLISTI ..... 64**

**12 BREYTINGA SAGA ..... 65**

# 1 INNGANGUR

Viðbragðsáætlun vegna gróðurelda í umdæmi Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra segir fyrir um skipulag og stjórnun aðgerða vegna gróðurelda. Markmið áætlunarinnar er að tryggja skipulögð viðbrögð vegna gróðurelda, koma í veg fyrir eða takmarka tjón á gróðri og eignum og að þolendum slíkra hamfara berist öll nauðsynleg aðstoð á sem skemmstum tíma.

Markmið áætlunarinnar eru að tryggja skipulögð viðbrögð við gróðureldum í umdæminu og að þolendum berist öll nauðsynleg aðstoð á sem skemmstum tíma. Viðbragðsáætlunin er til leiðbeiningar um fyrstu viðbrögð en felur ekki í sér endanleg fyrirmæli. Þannig getur lögreglustjóri eða slökkviliðsstjóri ákveðið breytta starfstilhögun með tilliti til ástands og aðstæðna hverju sinni.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra, almannavarnanefnd og slökkvilið í umdæminu, í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjórans, bera ábyrgð á virkni áætlunarinnar og þessir aðilar vinna saman að uppfærslum og lagfæringum á henni en ritstjórn er á ábyrgð almannavarnadeildar. Áætlunin skal eins oft uppfærð og þurfa þykir m.t.t. mótvægisaðgerða sem lagðar eru til í 7. kafla. Boðunarlista hjá Neyðarlínunni skal uppfæra eins oft og þörf krefur.

Á sama hátt skulu lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra, almannavarnanefnd og slökkvilið í umdæminu, í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjórans, beita sér fyrir því að allir þættir áætlunarinnar séu æfðir. Einnig skal stuðla að reglubundnum æfingum einstakra verkþátta.

Allir sem tengjast áætluninni skulu taka saman verkáætlun með gátlistum um það hvernig þeir leysa þau verkefni sem þeim eru falin skv. 8. kafla. Gátlistana skal uppfæra eins oft og þurfa þykir.

Áætlunin miðast við verkþáttaskipuritið SÁBF vegna aðgerða á vettvangi.

Við gerð áætlunarinnar var stuðst við lög 82/2008 um almannavarnir og 6. grein lögreglulaga nr. 90/1996.

Viðbragðsáætlunin tekur þegar gildi.

Akureyri, 1. maí 2022

Áætlunin er undirrituð rafrænt af

Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra sem jafnframt er

formaður almannavarnanefndar í umdæmi Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra

og

Ríkislögreglustjóra

# 2 STAÐHÆTTIR

## 2.1 Almennt

Umdæmi Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra er víðfemt og fylgja vesturmörk umdæmisins miðjum Tröllaskaga til sjávar að Almenningsnöfum. Til suðurs fylgir vestasti hluti umdæmisins Eyjafjarðardölum, allt til Hofsjökuls og austur um til Vatnajökuls. Austurmörk umdæmisins eru frá Dyngjujökli, vestan við Kverkfjöll og norður eftir meðfram Jökulsá og til sjávar eftir Sandvíkurheiði, við Stapá, milli Viðvíkur og Strandhafnar.

Víða í umdæminu eru skóg og kjarri vaxin svæði og í nokkrum þeirra eru talvert stórar sumarhúsabyggðir sem og ýmis starfsemi. Í því samhengi má nefna Þverá og Lund í Öxarfirði, Aðaldalshraun, Vaglaskóg og Lundsskóg í Fnjóskadal, Hamra og Kjarnaskóg sunnan Akureyrar, Vaðlareit mót Akureyri sem og Ásbyrgi sem er fjölmennur ferðamannastaður með miklum gróðri en aðeins einni akstursleið til og frá.

Þá eru víða í umdæminu svæði með talsverðum gróðri og byggð sem geta skapað hættu og vandræði komi eldur upp í gróðri á þeim stöðum.

## 2.2 Gróðurfar

Á láglendi í umdæminu er gróður margbreytilegur mikið af ræktuðum túnum í bland við kjarri og skógvaxin svæði. Gróðurþekjan liggur óslitin víða að heiðum og fjöllum og eldsmatur því umtalsverður í þurrkatíðum. Mikil skógrækt er á mörgum stöðum í umdæminu og hefur vaxið mikið undanfarin ár.

## 2.3 Vegakerfi

Vegir að mörgum þeirra svæða sem eru skógi vaxin í umdæminu eru víða einbreiðir malavegir og aðkoma að svæðunum sem og flóttaleiðir frá þeim eru flestar sömu leiðir til baka og því hætta á að rýmingar geti orðið hægar og auðtepptar. Margir þessara vega bera illa þung farartæki og því er víða erfitt að koma búnaði til slökkvistarfa að svæðunum.

## 2.4 Skilgreind hættusvæði

Við skiptingu í svæði var tekið tillit til þéttleika byggðar og magn gróðurs á hverju svæði. Nokkur sumarhús og sumarhúsasvæði í umdæminu eru utan þessara skilgreindu svæða, um þau verður ekki fjallað hér heldur ákveðið að byrja á stærstu svæðunum.

Svæðin eru:

Svæði 1 - Þverárskógur Öxarfirði

Svæði 2 - Lundur Öxarfirði

Svæði 3 - Ásbyrgi

Svæði 4 - Aðaldalshraun

Svæði 5 - Lunds- og Vaglaskógur, Fnjóskadal

Svæði 6 – Vogar, Mývatnssveit

Svæði 7 - Kjarnaskógur og Hamrar

Svæði 8 - Vaðlareitur ( Geldingsá – Bíldsárskarð)

Svæði 9 - Önnur svæði

## 2.5 Svæði 1 - Þverárskógur í Öxarfirði

**Mynd svæði 1. Þverá Öxarfirði.**




***Lýsing***

Svæðið er norðarlega í Öxarfirði og stendur í hlíð, sjá mynd 1. Allt umhverfi húsa á svæðinu er umlukið skógi. Sunnan, norðan og austan við byggðina er mikill trjágróður en til vesturs undan landinu er meira um kjarr og lágróður.

***Vegir***

Vegur að svæðinu liggur frá Norðausturvegi upp hlíðina, 1,5 km, að sumarhúsunum. Vegurinn er einbreiður malavegur sem þolir ekki þung ökutæki. Heimreiðir/slóðar liggja að flestum sumarhúsunum en burðargeta þeirra er oft lítil, engin snúningspláss eru og langir botnlangar.

***Mannvirki***

Sumarhúsabyggðin stendur ein og sér í miðjum skóginum og engin önnur mannvirki eru í næsta nágrenni. Um 20 sumarhús eru á svæðinu.

***Brunahætta***

Hættan er mest þegar gróður er hvað þurrastur og á því tímabili má alltaf gera ráð fyrir því að eldar geti kviknað og borist víða um svæðið.

***Vatnsöflun***

Í nágrenni byggðarinnar er hægt að komast í vatn en talsverðan tíma mun taka að koma vatni að brennandi mannvirkjum eða gróðri á svæðinu sökum landfræðilegra aðstæðna. Þverá rennur um 100 metra sunnan við byggðina og Brunná rennur einnig neðan byggðarinnar.

***Vatnsflutningar***

Vatnsflutningar eru vel mögulegir á öllu svæðinu þar sem nokkrar litlar ár renna á svæðinu, s.s. Brunná, Brandslækur og Vaðkotsá.

***Aðgengi***

Aðkomuleiðir að bústöðunum eru flestir malarbornir slóðar sem margir hverjir bera ekki umferð þungra ökutækja.

***Rýming***

Í Þverárskógi getur gróðureldur lokað rýmingarleið frá svæðinu þar sem einungis er um að ræða einn veg að og frá sem gróður liggur þétt uppvið og því getur hætta skapast ef eldur nær að breiða fljótt úr sér á svæðinu þar sem mikill þéttur trjágróður er um allt. Á upphafsstigum elds ættu allir að geta komist undan niður á veg þar sem ekki er um að ræða nema 1,5 kílómeter frá efsta húsi.

Ef þörf verður á fjöldahjálparstöð vegna rýmingarinnar er hægt að nýta Öxarfjarðarskóla í Lundi sem er í 7 km fjarlægð til suðurs.  Ákvarðað af AST.

## 2.6 Svæði 2 - Lundur í Öxarfirði

**Mynd svæði 2. Lundur Öxarfirði**




***Lýsing***

Svæðið er sunnarlega í Öxarfirði og stendur neðan Norðausturvegar, sjá mynd 2. Allt umhverfi húsa á svæðinu er umlukið skógi. Sunnan, norðan og austan við byggðina er mikill trjágróður en til vesturs undan landinu rennur Jökulsá á Fjöllum í gegn um sandeyrar til sjávar.

***Vegir***

Vegur að svæðinu liggur frá Norðausturvegi, ca 900 m, niður að sumarhúsunum. Sjá rauðmerktan hring á myndinni. Vegurinn er einbreiður malarvegur sem þolir ekki þung ökutæki. Heimreiðar/slóðar liggja að flestum sumarhúsunum en burðargeta þeirra er oft lítil, engin snúningspláss og botnlangar

***Mannvirki***

Á svæðinu eru um 10 sumarhús.

Sundlaugin í Lundi stendur um 350 metra austan við byggðina ásamt þjónustuhúsi. Ræktað tún vestan hússins aðskilur að mestu trjágróðurþekjuna sem liggur austan sumarhúsa byggðarinnar.

Lögbýlið Skinnastaðir stendur sunnan við byggðina ásamt gripahúsum. Talsvert er af ræktuðum túnum vestan og norðan við bæinn sem liggja þétt að trjágróðri sumarhúsabyggðarinnar.

***Brunahætta***

Hættan er mest þegar gróður er hvað þurrastur og á því tímabili má alltaf gera ráð fyrir því að eldar geti kviknað og borist víða um svæðið.

***Vatnsöflun***

Í nágrenni sumarhúsabyggðanna er hægt að komast í vatn en talsverðan tíma mun taka að koma vatni að brennandi mannvirkjum eða gróðri á svæðinu sökum landfræðilegra aðstæðna. Sandá rennur neðan byggðarinnar í Lundi auk þess að möguleiki er á að nýta vatn úr sundlauginni í Lundi.

***Vatnsflutningar***

Vatnsflutningar eru vel mögulegir á öllu svæðinu þar sem nokkrar litlar ár renna þar, s.s. Brunná, Brandslækur, Vaðkotsá og svo einnig Jökulsá á Fjöllum sem er þar skammt frá.

***Aðgengi***

Aðkomuleiðir að bústöðunum eru flestir malarbornir slóðar sem margir hverjir bera ekki umferð þungra ökutækja.

***Rýming***

Í sumahúsabyggðinni í Lundi Öxarfirði geta gróðureldur lokað einu akfæru rýmingarleiðinni frá svæðinu þar sem einungis er um að ræða einn veg að og frá sem gróður liggur þétt uppvið og því getur hætta skapast ef eldur nær að breiða fljótt úr sér á svæðinu þar sem mikill þéttur trjágróður er um allt á svæðinu. Á upphafsstigum elds ættu allir að geta komist undan niður á veg þar sem ekki er um að ræða nema 1 kílómeter frá innsta húsinu. Tveir botnlangar liggja frá út frá veginum sem keyrt er að svæðinu frá Norðausturvegi að bústöðunum.

Ef þörf verður á fjöldahjálparstöð vegna rýmingarinnar er hægt að nýta Öxarfjarðarskóla í Lundi. Ákvarðað af AST.

## 2.7 Svæði 3 - Ásbyrgi

**Mynd svæði 3. - Ásbyrgi**



***Lýsing***

Ásbyrgi er hamrakví í Vatnajökulsþjóðgarði í Norðurþingi. Það er allt að 3,5 km á lengd inn í botn og um 1,1 km á breidd í mynni þess og helst svipuð breidd um þrjá km inn eftir því. Fyrstu tvo km er byrgið klofið af Eyjunni, sem er um 250 m á breidd og skiptir Ásbyrgi í tvennt. Hamraveggirnir eru um 90 – 100 m háir á báðar hendur eru lægstir fremst en hækka þegar innar dregur. Yst í Ásbyrgi er móagróður en innar er fjölbreyttur birkiskógur einnig er rauðgreni, blágreni, hvítgreni, lerki og skógarfura. Birki og reyniviður breiðast hægt út til norðurs, Botnstjörn er innst í Ásbyrgi.

***Vegir***

Einungis ein akstursleið er að og frá svæðinu sem liggur af Norðausturvegi inn á Ásbyrgisveg og er um 3,5 kílómetrar að lengd inn í botn. Fyrstu 2 km inn að svokallaðri Eyju eru vaxin blönduðum lággróðri fyrir utan birkigróður sem skiptir tjaldsvæðinu niður í hólf er er um 1 km frá þjóðveginum. Síðasti 1,5 km er umlukin trjágróðri sem liggur víða mjög þétt að veginum.

***Mannvirki***

Þjónustuhús landvarða og er staðsett við hlið tjaldsvæðisins. Gljúfrastofa og verslunin Ásbyrgi standa við Norðausturveg og umhverfis þau eru gróin tún en lítið um trjágróður.

***Brunahætta***

Hættan er mest þegar gróður er hvað þurrastur og á því tímabili má alltaf gera ráð fyrir því að eldar geti kviknað og borist víða um svæðið.

***Vatnsöflun***

Innst í Ásbyrgi er Botnstjörn þar er hægt að komast í vatn en erfitt aðgengi að henni gerir vatnsöflun tímafreka. Ástjörn er um 1 km norðan við afleggjarann inn að Ásbyrgi og þar er hægt að komast í vatn. Jökulsá á Fjöllum rennur um 2 km frá svæðinu þannig að vatnsöflun ætti ekki að vera vandamál.

***Vatnsflutningar***

Vatnsflutningar að svæðinu ættu að geta gengið greiðlega þar sem ekki þarf að far um langan veg til að sækja vatn á tiltölulega aðgengilegum stöðum

***Aðgengi***

Aðgengi að Ásbyrgi er eftir tiltölulega þröngum malarvegi sem þó ber þyngri farartæki nema kannski fyrst á vorin. Ekki er hægt að mætast allstaðar á leiðinni sökum þrengsla sem versnar eftir því sem innar dregur.

***Rýming***

Rýming af svæðinu getur orðið erfið vegna þrengsla vegarins, fjölda ökutækja og umtalsverður fjöldi fólks er fótgangandi einnig á svæðinu. Samkv. tölfræði Þjóðgarðsins sl. 10 ár eru að jafnaði um 200 ökutæki á svæðinu dag hvern og yfir háannatíma á sumrin allt að 300. Þannig að gera má ráð fyrir því að suma daga geti verið a.m.k 600 – 1.000 manns á ferðinni á svæðinu.

Ef þörf verður á fjöldahjálparstöð vegna rýmingarinnar er hægt að nýta Öxarfjarðarskóla í Lundi. Ákvarðað af AST.

## 2.8 Svæði 4 - Aðaldalshraun

**Mynd svæði 4. Aðaldalshraun**




***Lýsing***

Svæðið liggur austan við Húsavíkurflugvöll. Birkiskógur er ríkjandi á svæðinu og stórt sumarhúsasvæði liggur frá norðri til suðurs og aðkoma er eftir gamla þjóðveginum um Aðaldalshraun sem hægt er að keyra í gegn um. Afleggjarar heim að bústöðum er mislangir frá 10 metrum upp í 100 metra og eru flestir umluknir gróðri.

***Vegir***

Vegurinn sem liggur að svæðinu er gamli þjóðvegurinn sem lá um Aðaldalshraun og liggur hann um 500 metra austan við Norðausturveg. Hægt er að komast inn á hann að sunnanverðu við afleggjaran niður á Sand sem og Árbótarveg og að norðanverðu um flugvallarveg. Rauðmerkt með hringjum. Malarslóðar eru heim að flestum húsunum, frekar þröngir og umluktir gróðri á báðar hliðar, allt botnlangar. Vegirnir að bústöðunum eru ekki gerðir fyrir umferð stórra ökutækja og gætu skapast vandræði við að koma slíkum farartækjum að.

***Mannvirki***

Um 40 – 50 sumarhús eru á svæðinu og liggja sum hver tiltölulega nálægt hvert öðru. Engin önnur mannvirki eru í næsta nágrenni byggðarinnar.

***Brunahætta***

Hættan er mest þegar gróður er hvað þurrastur og á því tímabili má alltaf gera ráð fyrir því að eldar geti kviknað og borist víða um svæðið.

***Vatnsöflun***

Laxá í Aðaldal rennur um 5 – 600 m austan við byggðina og þar er hægt að komast í vatn en reikna má með því að talsverðan tíma geti tekið að koma vatni að brennandi bústað eða gróðri til slökkvistarfa. Einnig er brunahani staðsettur á flugvelllinum í 6 – 700 m fjarlægð sem hægt væri að nýta þó vatnsmagn úr honum geti verið frekar takmarkað.

***Vatnsflutningar***

Hægt er að sækja vatn á bílum í Laxá og Mýrarkvísl norðan við sumarhúsasvæðið. Oft er óvíst hvað slóðar niður í sumarhúsahverfin þola mikinn þunga og lítið sem ekkert pláss er til að snúa stórum bílum á þeim slóðum.

***Aðgengi***

Vegir heim að húsunum er þröngir og einbreiðir og ekki gerðir fyrir þung ökutæki sem gerir aðgengi frekar takmarkað og erfitt.

***Rýming***

Ef rýma þarf svæðið eru nokkrir möguleikar í boði. Ef hægt er að yfirgefa svæðið á bílum ætti að vera hægt að aka bæði til suðurs og norðurs eftir því hvor áttin hentaði betur miðað við vindátt. Ef aksturleiðir frá húsunum teppast og fólk þarf að yfirgefa svæðið fótgangandi er hægt að rýma til vesturs inn á öryggissvæði flugvallarins og til austurs í átt að Laxá.

Ef þörf verður á fjöldahjálparstöð þá er Hafralækjarskóli í Aðaldal 9 km sunnan við byggðina. Þá eru 12 km til Húsavíkur. Ákvarðað af AST.

## 2.9 Svæði 5 – Vogar Mývatnssveit

***Mynd svæði 5. Vogar Mývatnssveit***




***Lýsing***

Svæðið stendur á austurbakka Mývatns. Svæðið nær allt frá Reykjahlíðarþorpi í norðri og allt suður fyrir Dimmuborgir og Höfða í suðri. Á svæðinu er mikill og víða nokkuð þéttur birkiskógur.

***Vegir***

Þjóðvegur 848 liggur í gegn um svæðið og nokkuð af vegslóðum sem þó þola nokkuð þunga bílaumferð.

***Mannvirki***

Allnokkur fjöldi húsa er á svæðinu. Um er að ræða gistiheimili, íbúðarhús, frístundahús og útihús ásamt fleiri mannvirkjum.

***Brunahætta***

Hættan er mest þegar gróður er hvað þurrastur og á því tímabili má alltaf gera ráð fyrir því að eldar geti kviknað og borist víða um svæðið.

***Vatnsöflun***

Aðgangur að vatni er víðast hvar á svæðinu ágætur. Vatnsveita – brunahanar eru í þéttbýlinu við Reykjahlíð. Þá er einnig vatnsveita í Birkilandi – frístundabyggð en magn og þrýstingur neðan við ásættanleg mörk. Annars er hægt að komast í Mývatn með nokkuð aðgengilegum hætti og þá til að ferja vatn.

***Vatnsflutningar***

Ættu að geta gengið nokkuð greiðlega fyrir sig.

***Aðgengi***

Aðkomuleiðir er í flest öllum tilfellum með góðu móti og vegir og slóðar bera nokkuð stóra bíla.

***Rýming***

Rýming á að geta gengið nokkuð greiðlega fyrir sig og flóttaleiðir í flestum tilfellum góðar. Fjöldahjálparstöð er unnt að opna í Reykjahlíðarskóla ef þörf er á.

## 2.10 Svæði 6 – Vaglaskógur / Lundsskógur

***Mynd svæði 6. Lundskógur í Fnjóskadal / Vaglaskógur***




***Lýsing***

Svæðið stendur í hlíðinni austan Fnjóskár. Vaglaskógur nær frá Hálsmelum í norðri og til suðurs að Kisá. Þar talsvert sunnan við tekur Lundsskógur við og liggur hann í einni heild með Þórðarstaðaskógi að lögbýlinu Þórðarstöðum. Nánast öll hlíðin er vaxin þéttum trjágróðri frá árbakka Fnjóskár og teygir sig hátt upp í hlíðina. Talsverð stór eyða er samt frá Kisá og að Lundsskógi. Gróður er almennt það mikill á svæðinu að mannvirki sjást illa á myndum.

***Vegir***

Aðkomuleiðir að svæðinu eru þrjár og eru þær misgóðar, rauðmerktar með hringjum.

Leið frá Hringveginum að norðan verðu um Hálsmela. Það er malarvegur og hægt að komast inn í Vaglaskóg nyrst og að ofanverðu sem og niður við Fnjóskána. Fnjóskárbrú fyrir ca. miðjum Vaglaskógi, á móts við tjaldsvæðið í Systragili, er næsti möguleiki. Það er að öllu jöfn besti kosturinn, vegalega séð, til að komast inn á svæðið. Þriðji möguleikinn er brú yfir Fnjóská á móts við Illugastaði. Það er torfarin leið þar sem farið ef upp fyrir lögbýlið Þórðarstaði og síðan norðan við það og niður að Fnjóskánni og þar til norðurs. Aksturssvæði þeirrar brúar er 3 metrar á breidd en innanmál grindar er 4,05 m. Viðauki 2 gildir hvað þyngd varðar, 5 öxla bíll 40 tonn og 3ja öxla bíll 23 tonn.

***Mannvirki***

Um 80 húsa sumarhúsabyggð er í Lundsskógi og eru mörg hver þeirra ekki síður í mikilli notkun yfir vetrarmánuðina. Í Vaglaskógi eru opin tjaldsvæði og þá er þó nokkuð mikið af fastleigustæðum í syðsta hluta skógarins. Skórækt ríkisins er með talsvert af mannvirkjum í skóginum og þá eru þar tvö íbúðarhús, Vaglir og Lerkihlíð. Í efri brún trjágróðursins fyrir miðjum skógi er lögbýlið Efri-Vaglir.

***Brunahætta***

Hættan er mest þegar gróður er hvað þurrastur og á því tímabili má alltaf gera ráð fyrir því að eldar geti kviknað og borist víða um svæðið.

***Vatnsöflun***

Hægt er að sækja vatn í Fnjóská en eins víða á slíkum stöðum eru aðstæður mis aðgengilegar og þarf að velja staði með tilliti til þess og því getur tekið talsverðan tíma að koma vatni að brennandi mannvirkjum og gróðri.

***Vatnsflutningar***

Þjóðvegurinn inn Fnjóskadal, sérstaklega að vestanverðu, þolir tankbíla. Hins vegar er vegurinn að austanverðu í gegn um Vaglaskóg frekar þröngur þannig að erfitt gæti verið að komast um hann með stóra bíla. Fáir staðir eru til að snúa við stærri bílum á báðum leiðum.

***Aðgengi***

Aðgengi að svæðinu verður að teljast þokkalegt þó um sé að ræða þrönga malarvegi. Engu að síður geta skapast vandræði ef rýma þarf í skyndi þar sem þessir mjóu vegir þurfa ekki mikið til að teppast.

***Rýming***

Rýming af svæðinu ætti að geta gengið þokkalega en ræðst þó af staðsetningu atburðar. Líklegasta rýmingarleiðin frá Lundsskógi færi í flestum tilfellum um brúnna vestur yfir ánna á móts við Systragil. Einnig er mögulegt að rýma syðri hluta Vaglaskógar um þá leið en rýming frá miðjum Vaglaskógi og norðurenda færi í flestum tilfellum til norðurs í átt að Hringvegi nema atburður sé norðan megin í skóginum. Í flestum ef ekki öllum tilfellum má gera ráð fyrir því að rýmingarleiðir liggi um eða eftir vegum á svæðinu sökum þéttleika skógarins er ekki líklegt að farið verði í gegn um hann á öðrum stöðum við rýmingu.

Ef þörf verður á fjöldahjálparstöð þá er Akureyri þægilegasti kosturinn. Einnig væri hægt að vera með slíka stöð í Stórutjarnarskóla í Ljósavatnsskarði. Ákvarðað af AST.

## 2.11 Svæði 7 - Kjarnaskógur - Hamrar

***Mynd svæði 7. Kjarnaskógur - Hamrar***




***Lýsing***

Svæðið liggur sunnan við Akureyri frá Hagahverfi og að Hvammi, sem er nyrsti bær í Eyjafjarðarsveit að vestan. Ýmsar trjátegundir eru á svæðinu og er svæðið mjög þéttvaxið á köflum. Í skóginum er mikill fjöldi göngu- og hjólastíga sem eru mikið notaðir til útivistar. Þá eru leiktæki á nokkrum stöðum. Búið er að reita þetta svæði, Kjarnaskóg og Hamra, með tilliti til leitar og björgunar og gæti það kort komið að góðum notum ef gróðureldur kviknaði á svæðinu.

***Vegir***

Aðkoma að Kjarnaskógi er um Kjarnabraut bæði að sunnan og norðan. Annars vegar frá Eyjafjarðabraut-vestri og hins vegar frá Naustahverfi. Rauðmerkt með hringjum. Hægt er að aka í gegnum Kjarnaskóg um Kjarnabraut en innan skógarins eru m.a. tveir langir botnlangar, annarsvegar að Hótel Kjarnalundi og neðri hluta orlofshúsabyggðarinnar og hins vegar upp frá miðjum skógi að bílastæði sem er þar mjög ofarlega. Þá eru nokkrir styttri botnlangar, m.a. að efri hluta orlofshúsabyggðarinnar. Ekki er akfært á milli orlofshúsabyggðanna.

Aðkoma að Hömrum er af Kjarnabraut um 800 metrar eru að þjónustuhúsi og er þetta eina almenna akfæra leiðin að svæðinu. Í neyð væri hægt að aka um stíga sem tengja Hamra við Kjarnaskóg. Hægt er að hringkeyra um svæðið en þröngir botnlangar liggja að tjaldsvæðum sem eru dreifð um svæðið. Innan svæðis eru ágætir malarvegir en einnig eru stígar sem geta verið færir slökkvibílum, t.d. frá leiksvæðinu í miðjum skóginum og að tjaldsvæðinu á Hömrum.

***Mannvirki***

Nyrst á svæðinu að neðanverðu eru um 40 orlofshús, hótel og samkomuhús. Þar ofar eru gróðrarstöð með nokkur gróðurhús og fleiri mannvirki. Í miðju skógarins eru ýmis leiktæki, tvö grillhús, snyrtingar og fleira. Nyrst að ofanverðu er síðan tjaldsvæðið að Hömrum en þar eru þjónustuhús og samkomuhús.

***Brunahætta***

Hættan er mest þegar gróður er hvað þurrastur og á því tímabili má alltaf gera ráð fyrir því að eldar geti kviknað og borist víða um svæðið.

***Vatnsöflun***

Þrír brunahanar eru á svæðinu, einn við gróðrarstöðina, einn við orlofshúsin og einn við hótelið. Brunná rennur gegnum svæðið, en hún er ekki mjög vatnsmikil og þyrfti að stífla hana til að ná með góðu móti vatni með dælum. Einnig er möguleiki að dæla vatni úr Eyjafjarðará.

***Vatnsflutningar***

Hægt er að sækja vatn á bílum úr brunahönum á flugvelli eða Eyjafjarðará.

***Aðgengi***

Er nokkuð gott um norðanvert svæðið en efst og syðst á svæðinu eru eingöngu göngustígar sem þola takmarkaðan þunga og stærð á ökutækjum.

***Rýming***

Ef rýma þarf svæðið eru nokkrir möguleikar í boði. Ef hægt er að yfirgefa svæðið á bílum ætti að vera hægt að aka bæði til austurs og norðurs eftir því hvor áttin hentaði betur miðað við vindátt. Ef aksturleiðir frá húsunum teppast og fólk þarf að yfirgefa svæðið fótgangandi er hægt að rýma til austurs í átt að Eyjafjarðarbraut sem og til norðurs að Hagahverfi.

Ef þörf er á fjöldahjálparstöð þá færi það eftir umfangi hvaða húsnæði á Akureyri yrði virkjað. Ákvarðað af AST.

## 2.12 Svæði 8 - Vaðalheiði

***Mynd svæði 8. Vaðlaheiði***




***Lýsing***

Svæðið er í austanverðum Eyjafirði á móts við Akureyri. Undanfarin ár hefur trjágróður verið að aukast á þessu svæði sem og húsbyggingar, bæði orlofsbyggðir sem og almenn búseta. Nyrst á svæðinu er orlofsbyggðin í landi Geldingsár, miðsvæðis er svo orlofsbyggð / almenn búseta, syðst á svæðinu er síðan almenn búseta og einstaka orlofshús.

***Vegir***

Aðkomuleiðir að svæðinu Eyjafjarðarmegin eru fjórar. Nyrst er leiðin af Hringvegi inn á Veigastaðaveg, beint upp af útsýnisplani. Þá er hægt að fara af Eyjafjarðarbraut-eystri inn á Veigastaðaveg að sunnanverðu rétt neðan við bæinn Eyrarland. Syðsta leiðin inn á svæðið er um Knarrarbergsveg sem er skammt norðan við Kaupang. Þá er komin ný leið upp frá Geldingsá á Svalbarðsströnd sem liggur upp í orlofshúsahverfið í landi Geldingsár sem síðan tengist Vaðlaheiðarvegi.

Af Veigastaðavegi liggja síðan afleggjarar að byggð eftir allri hlíðinni flestir þeirra þröngir malarvegir en bera þó flestir umferð stærri ökutækja. Þá er hægt að fara af Veigastaðavegi til norðurs inná Vaðlaheiðarveg sem liggur austur yfir Vaðlaheiði. Ofan orlofsbyggðarinnar í landi Geldingsár er Vaðlaheiðarvegur ekki opin fyrir umferð nema frá miðju sumri og fram á haust.

Hægt er að komast að svæðinu um Vaðlaheiðarveg úr Fnjóskadal en það er malarvegur sem einungis er opin frá miðju sumri fram á haust.

***Mannvirki***

Á svæðinu frá orlofsbyggðinni í landi Geldingsár að norðanverðu að Bíldsá í suðri er fjöldinn allur af orlofshúsum sem og íbúðarhúsum. ( Gæti verið um 100 orlofshús og 40 íbúðarhús)

***Brunahætta***

Hættan er mest þegar gróður er hvað þurrastur og á því tímabili má alltaf gera ráð fyrir því að eldar geti kviknað og borist víða um svæðið.

***Vatnsöflun***

Þrír góðir brunahanar er staðsettir í Vaðlabyggð sem gott aðgengi er að.

Önnur vatnsöflun gæti orðið flókin og mannfrek aðgerð sem miðast við umfang gróðurelds og staðsetningu.

***Vatnsflutningar***

Nærtækast er að sækja vatn úr sjónum og Eyjafjarðará. Auðveld aðkoma er að hvoru tveggja, hvort sem er frá Hringveginum eða Eyjafjarðarbraut-eystri.

***Aðgengi***

Vegir að svæðinu og um það eru almennt góðir og þola mikla og þunga umferð. Inni í orlofsbyggðunum eru þó malarvegir sem þola ekki eins þunga umferð.

***Rýming***

Ef kæmi til rýmingar á svæðinu þá eru flóttaleiðir margar og ráða við mikla umferð. Sjá nánar í kaflanum um vegina hér að ofan.

Ef þörf er á fjöldahjálparstöð þá færi það eftir umfangi hvaða húsnæði á Akureyri yrði virkjað. Ákvarðað af AST.

## 2.13 Svæði 9 - Önnur svæði

**Lýsing**

Gróðureldar geta orðið í umdæminu á talsvert fleiri svæðum, þá sérstaklega austan Vaðlaheiðar. Flest þau svæði eru þó ekki með orlofshúsabyggð og því ekki endilega um að ræða að rýmingu þurfi af þeim heldur væri eingöngu um að ræða slökkvistörf. Margar skógi vaxnar hlíðar og heiðar eru á svæðinu og á nokkrum stöðum eru sveitabæir byggðir upp í hlíðunum og liggja nærri skógi og stafar hætta af því verði eldur laus í gróðri. Flestir staðirnir eru óaðgengilegir og jafnvel ekki færir hefðbundum farartækjum.

**Brunahætta**

Hættan er mest þegar gróður er hvað þurrastur og á því tímabili má alltaf gera ráð fyrir því að eldar geti kviknað og borist víða um hin ýmsu svæði.

**Vatnsöflun**

Vatnsöflun við þessa staði er eins misjöfn og staðirnir eru margir. Víða er stutt niður á láglendi í vatnstökustaði en á öðrum stöðum þarf að fara langar vegalengdir eftir vatni.

**Aðgengi**

Aðgengi er almennt ekki gott að flestum þessara svæða og ekki verður farið með stór ökutæki nema í undantekningar tilfellum að mörgum þeirra. Sérhæfðan búnað mun án efa þurfa ef gróðureldur verður laus á svæðinu til að ráða niðurlögum hans.

# 3 SKILGREININGAR

## 3.1 Virkjun

Viðbragðsáætlunina er hægt að virkja á óvissu, hættu og neyðarstigi samkvæmt skilgreiningu um almannavarnastig.

Þeir sem heimild hafa til að virkja áætlunina eru:

- Lögreglan á Norðurlandi eystra
- Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra
- Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra

Þegar áætlunin hefur verið virkjuð er aðgerðum stýrt af AST.

**Í þessari áætlun virkjast ekki þættir sem tengjast slysum á fólki.**
**Sé um að ræða slys á fólki þar sem daglegar bjargir ráða ekki við ástandið skal horfa til hópslysaáætlunar hvað það varðar.**

AST metur hvort þörf er á að boða fleiri aðila til starfa.

## 3.2 Virkjunarstig

### Óvissustig

Langtíma veðurspá gefur til kynna líkur á langvarandi þurkum á svæðinu

### Hættustig

Langvarandi þurrkar, mikil hætta á gróðureldum

### Neyðarstig

Þar sem daglegt viðbragð ræður ekki við ástandið og þörf er á utanaðkomandi björgum.

Alvarlegir eldar hafa komið upp og þörf er á að margir viðbragðsaðilar eða stofnanir sinni verkefninu.

Þörf á forgangshraða viðbragðsaðila ræðst af alvarleika atburðar. Við boðun viðbragðsaðila vegna almannavarnaaðgerða skal nota eftirfarandi skilgreiningar á forgangi:

a. F1 – Mesti hraði.
b. F2 – Mikill hraði.
c. F3 – Lítill hraði.
d. F4 – Ekki forgangur.

## 3.3 Afboðun

AST tilkynnir afboðun til SST, sem tilkynnir afboðunina til Neyðarlínu sem sér um framkvæmd hennar og sendir tilkynningu þar um.  AST tilkynnir auk þess um afboðun á TETRA til þeirra viðbragðsaðila sem hafa verið virkjaðir.

**Skammstafanir**

| | |
|---|---|
| **AST** | Aðgerðastjórn /-stjóri |
| **BF** | Biðsvæði flutningstækja |
| **BH** | Biðsvæði hjálparliðs |
| **BTB** | Biðsvæði tækja og búnaðar |
| **ELD** | Gróðureldavettvangur |
| **F** | Verkþátturinn Flutningar |
| **G** | Verkþátturinn Gæslustörf |
| **HSN** | Heilbrigðisstofnun |
| **IL** | Innri lokun |
| **L og B** | Verkþátturinn Leit og björgun |
| **LÞ** | Lendingarsvæði fyrir þyrlur |
| **MÓT** | Móttökustaður fyrir bjargir |
| **RKÍ** | Rauði kross Íslands |
| **SAk** | Sjúkrahúsið á Akureyri |
| **SÁBF** | **S**tjórnun – **Á**ætlun – **B**jargir - **F**ramkvæmd |
| **SSA** | Söfnunarsvæði aðstandenda |
